

## Umsókn og samningur um lífeyrissparnað og viðbótartryggingarvernd á grundvelli laga nr. 129/1997

Ég undirrituð/aður sæki hér með um aðild að séreignardeild Stapa lífeyrissjóðs. Ég hef kynnt mér skilmála samnings á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa og sætti mig við þá að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs telst vera kominn á samningur milli mín sem réttthafa og séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs, sem vörsluaðila í samræmi við ákvæði samningsins.

Umsækjandi (réttthafi):

Umsækjandi	Kennitala	Netfang
Heimilisfang	Póstnúmer	Sími

Ég undirrituð/aður óska eftir því að \_\_\_\_\_% af heildarlaunum mínum verði greidd til séreignadeildar Stapa lífeyrissjóðs í samræmi við ákvæði samnings sbr. bakhlið.

Ég óska eftir því að vinnuveitandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs í samræmi við ákvæði samnings sbr. bakhlið.

Vinnuveitandi:

Nafn	Kennitala	
Heimili	Póstnúmer	Sími

Ég undirrituð/aður óska eftir að lífeyrissparnaður minn verði ávaxtaður í:  Safni I  Safni II  Safni III

Velji sjóðfélagi ekki sérstakt safn er sparnaði hans sjálfkrafa ráðstafað í **Safn II** ef hann er 54 ára eða yngri, en annars í **Safn I**.

**Athugið!** Ef umsækjandi vill ráðstafa lífeyrissparnaði inn á húsnæðisslán þarf að sækja sérstaklega um það til ríkisskattstjóra sjá [www.leidretting.is](http://www.leidretting.is). Ef lífeyrissparnaði er ráðstafað inn á húsnæðisslán þá fer hann sjálfkrafa inn á sérstaklega tilgreint safn, sjá nánar í 7.gr. samnings hér að neðan.

Staður og dagsetning	Undirskrift umsækjanda
----------------------	------------------------

Staðfesting séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs (vörsluaðila)

Staður og dagsetning	Staðfesting séreignardeildar Stapa lífeyrissjóðs
----------------------	--

Sjóðurinn mun senda umsækjendum staðfest ljósrít af umsókninni til baka og tilkynna hana til launagreiðenda.

Stapi lífeyrissjóður, kennitala 601092-2559, reikningsnúmer 565-26-6969. Númer séreignadeildar X501.

## Skilmálar samnings

### 1. grein

Umsækjandi er réttthafi skv. samningi þessum. Séreignadeild Stapa lífeyrissjóðs er vörsluaðili, skv. samningi þessum. Réttthafi skuldbindur sig til að greiða til vörsluaðila mánaðarlegt innlegg, sem nemur tilgreindri % af heildarfjárhæð greiddra launa, sbr. umsókn réttthafa. Réttthafi felur launagreiðanda sínum að halda umsömdu iðgjaldi eftir af launum sínum og standa vörsluaðila skil á því. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en 1 mánuður og skal gjalddagi vera 10. dagur næsta mánaðar eftir launamánuð. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.

### 2. grein

Færður skal sérreikningur fyrir framlag hvers réttthafa í séreignadeild. Á þennan reikning skulu færðir vextir og verðbætur í samræmi við meðalávöxtun á þeim verðbréfum sjóðsins, sem mynda það safn verðbréfa, sem réttthafinn velur að frádregnum kostnaði.

### 3. grein

Réttthafi, sem er orðinn fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda út. Verði réttthafi fyrir orkutapi sem metið er 100%, á hann rétt á að fá inneign sína greidda út með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða þeim tíma sem vantar uppá að 60 ára aldur. Nú er örorka metinn lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprosentu og úttektartíminn lengist samsvarandi.

### 4. grein

Við andlát réttthafa, fellur inneign hans í séreignadeildinni til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

### 5. grein

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 2 mánaða fyrirvara. Hætti réttthafi störfum hjá launagreiðanda þeim sem tilgreindur er á umsókn réttthafa, falla þau ákvæði samningsins um greiðslu iðgjalds sjálfkrafa úr gildi, nema að hann óski sérstaklega eftir því að halda áfram greiðslum. Réttthafi skal tilkynna slík starfslok til vörsluaðila. Uppsögn á samningi veitir ekki rétt til útborgunar á innistæðu eða réttindum. Við uppsögn samnings er heimilt að flytja innistæðu til annars vörsluaðila, sem heimild hefur til að taka við lífeyrissparnaði vegna viðbótartryggingarverndar skv. lögum nr. 129/1997. Réttthafi greiðir engan kostnað vegna flutnings til annars vörsluaðila.

### 6. grein

Samsetning séreignarsafnanna er breytileg frá einum tíma til annars en hún er alltaf innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem er ákveðin árlega af stjórn Stapa. Fjárfestingarstefna séreignarsafnanna er eftirfarandi:

	Safn I	Safn II	Safn III
Innlend skuldabréf	0-100%	0-100%	
Skammtímaþréf / Innlán	0-100%	0-80%	100%
Innlend hlutabréf	0-20%	0-20%	
Erlend verðbréf	0-30%	0-50%	

### 7. grein

Tímabundin heimild ráðstöfunar lífeyrissparnaðar inn á húsnæðislán felur í sér að iðgjöld eru færð á sérstakt safn óverðtryggðra innlána, Safn IV, þar til ráðstöfun inn á lánið hefur farið fram. Þegar hámarksinnborgun inn á lán er náð, er sparnaður ávaxtaður í því safni sem réttthafi hefur tilgreint í samningi þessum. Þetta er gert til að einfalda utanumhald, takmarka áhrif þessarar ráðstöfunar á ávöxtun sparnaðarsafna og koma í veg fyrir að sveiflur í ávöxtun geti haft neikvæð áhrif á innborgun á húsnæðislán.